



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Kópavogi, 16.2.2022  
Tilvísun: 2022020008

**Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til breytinga á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012**

Útlendingastofnun hefur farið yfir frumvarp til breytinga á lögum um málefni innflytjenda og telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

**Almennar athugasemdir**

Útlendingastofnun telur þarft að benda á að þeir einstaklingar sem sækja um fjölskyldusameiningu á grundvelli 45. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 þurfa ekki að sýna fram á framfærslu hér á landi. Sæki einstaklingar hins vegar um fjölskyldusameiningu á grundvelli VIII. kafla útlendingalaga þurfa þeir að uppfylla 55. gr. sömu laga þar sem sjónarmið um framfærslu heyra undir. Í undantekningatilfellum gæti skapast sú staða að fjárhagsleg aðstoð sem einstaklingur hefur þegið getur leitt til þess að erfiðara sé að sækja um ákveðin dvalarleyfi seinna meir, þar undir heyra fyrrnefnd dvalarleyfi skv. VIII. kafla útlendingalaga. Telur Útlendingastofnun með vísun til framangreinds mikilvægt að vekja athygli á þessari stöðu sem gæti skapast. Hins vegar áréttar Útlendingastofnun að þar sem ekki sé mikil reynsla komin á samræmdu móttökuna þá hefur ekki reynt á slík atvik.

**Athugasemdir við einstök ákvæði**

Í b. lið 2. gr. er vísað til einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann sem fengið hefur stöðu skv. 37. gr. laga um útlendinga. Útlendingastofnun áréttar að umræddur b. liður nær, að óbreyttu, ekki til aðstandenda ríkisfangslausra skv. 39. gr. laga um útlendinga.

Í e. lið 2. gr. er vísað til ríkisfangslausra einstaklinga skv. 2. mgr. 37. gr. og 39. gr. laga um útlendinga. Vert er að nefna að 2. mgr. 37. gr. lýtur ekki að ríkisfangsleysi og réttast væri að vísa aðeins til 39. gr. laga um útlendinga í framangreindu ákvæði.

f.h. Útlendingastofnunar

---

Kristín A. Jónsdóttir